Fundargerð 473. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 15. október 2026 kl. 13:00 á Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landgæða og dýraheilsu í atvinnuvegaráðuneytinu (ATRN), Rebekka Hilmarsdóttir, nefndarmaður og lögfræðingur á skrifstofu landgæða og dýraheilsu í ATRN, Marteinn Breki Helgason nefndarmaður og sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Axel Sæland nefndarmaður og formaður deildar garðyrkjubænda innan BÍ, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, nefndarmaður og formaður deildar sauðfjárbænda við BÍ og Sigurbjörg Ottesen**,** nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ.

Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir.

Þetta var gert:

1. **Fundargerð síðasta fundar.**
   Fundargerð 472. fundar hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og verður birt á vef atvinnuvegaráðuneytisins.

2. **Ráðstöfun fjármuna til lífrænna ræktunar.**

   Lagt var fyrir erindi til ATRN sem leggur til að 2 m. kr. af óráðstöfuðum eftirstöðvum fjármuna til lífrænnar aðlögunar verði veitt til að kosta ráðstefnu fagráðs í lífrænni ræktun og fleiri aðila sbr. meðfylgjandi erindi.
   Vísað er til ákvæðis 2. mgr. 5. gr. samkomulags um endurskoðun búvörusamninga frá 16. janúar 2024 þar sem segir „**Fjármagni sem ekki er ráðstafað til aðlögunar að lífrænni ræktun í garðyrkju- og rammasamningi er heimilt að ráðstafa til aðgerða í samræmi við aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar ræktunar að tillögu framkvæmdanefndar.“**
   Samþykkt

3. **Rafrænar afgreiðslur**
   Þann 8. september var tillaga ATRN að innanlandsvog kindakjöts 2027 samþykkt samhljóða í nefndinni með rafrænum hætti. Innanlandsvogin var birt á vef ráðuneytisins þann 14. september en afgreiðslan verður færð í fundargerð núna.

4. **Önnur mál til upplýsinga**
   Erindi sem vísað var frá.
   Upplýst um erindi sem nefndinni barst sem var framsent ATRN sbr. ákvæði stjórnsýslulaga.

   Svar vegna fjárfestingastuðnings í sauðfjárrækt sbr. fund 24. júní, en óskað var eftir á síðasta fundi að svar ráðuneytisins yrði lagt fram í nefndinni.

   Formaður þakkaði Kristínu Sigfúsdóttur fyrir samstarfið í nefndinni síðustu árin en hún er að ljúka störfum í ráðuneytinu.

   Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:13